

Skrifstofa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Sent með tölvupósti á: skipulag@utu.is

Reykjavík, 23. júní 2023

Efni: Athugasemdir stjórnar Landverndar við tillögu að skipulagsbreytingum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur auglýst tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, vegna fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og á Gnúpverjafrétti. Stjórn Landverndar hefur kynnt sér málið og hvetur sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að fara hægt í þessar breytingar af ástæðum sem raktar eru hér að neðan.

1. Markmið með breytingunni

Markmiðin með aðalskipulagsbreytingunni sem eru tilgreind eru afmörkuð og gefa lítið til kynna hvaða framtíðarsýn og stefna er höfð að leiðarljósi varðandi ferðþjónustu á hálendinu. Áætlunin er styrkja ferðamennsku og efla þjónustu við ferðamenn auk þess að fjölga ferðamönnum og þá er mikilvægt að skoða ýmsar spurningar og móta stefnu um ferðþjónustu á hálendinu áður en lengra er haldið.

Ferðamenska á hálendi

Á það hefur verið bent að á Íslandi eru 43% af ósnortnustu víðernum Evrópu¹. Ábyrgð Íslendinga gagnvart vernd víðerna er því mikil. Samkvæmt rannsóknum liggja verðmæti miðhálandisins sem ferðamannasvæðis einmitt ekki síst í víðernum og öræfaupplifun í fámenni². Í landsskipulagsstefnu um skipulag á miðhálandi Íslands kemur m.a. fram að *mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun*. Og einnig að *uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu*³.

Það er því mjög mikilvægt að allt skipulag við ferðamennsku á hálendinu taki tillit til þessarar sérstöðu. Horfa verður til samlegðaráhrifanna af uppbyggingu á

¹ https://wildlandresearch.org/wp-content/uploads/sites/39/2022/03/Iceland-Wilderness-Report_FINAL_March16-3_compressed-med.pdf

² <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Ferdamenska-a-midhalendi-Islands-Stada-og-spa-um-framtidarhorfur.pdf>

³ https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerd.pdf

ferðaþjónustu á mörgum stöðum á stóru svæði og jafnvel milli sveitarfélaga. Móta þarf heildarstefnu um gististaði, vegi, slóða og afþreyingu á hálendinu.

- Hefur farið fram mat á því hversu marga ferðamenn svæðið getur þolað án þess að rýra upplifunina af óbyggðum og valda skemmdum á vistkerfum, gróðri og jarðvegi?
- Er til ferli sem hægt er að gripa í eftir þörfum til að stýra aðgangi ferðamanna að viðkvæmum svæðum?
- Hvers konar ferðamennska er áætluð? Skammtímaheimsóknir ferðamanna á bílum, gæðaferðaþjónusta þar sem ferðamenn geta upplifað óbyggðir og skyggst jafnvel í gamla tímunn og/eða hjólandi, ríðandi eða gangandi ferðamenn o.s.frv.?

2. Svæði með sérstöðu

Tvö svæðanna í breytingaráætluninni eru innan friðlands Þjórsárvera, önnur tvö innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis og eitt svæðið er innan svæðis sem er friðlýst sem menningarlandslag. Lítið virðist vera tekið tillit til þessara sérstöðu mismunandi svæða í breytingartillögunni. Óþarfi er að áætla svipaða uppbyggingu á öllum svæðunum þar sem sum svæði hafa önnur yfirlýst markmið en að þjóna ferðamennsku.

Friðlandið í Þjórsárverum

Stjórn Landverndar telur að sérstaða friðlandsins þurfi að vera í heiðri höfð og að vernd þessarar náttúruparadísar vegi þyngra en uppbygging á ferðaþjónustu. Varðveita þarf friðlandið skilyrðislaust. Það er ekki í samræmi við mikla fjölgun ferðamanna og efnistöku á svæðinu. Hér vantar sérstaklega að gerð verði stefna um það hvers konar ferðamennska eigi að vera á svæðinu og lagt verði mat á þolmörk svæðisins. Taka þarf tillit til 11. gr. auglýsingar nr. 870/2017 um friðlandið þar sem segir *að allar framkvæmdir sem geti haft í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og vistgerðum séu óheimilar í friðlandinu*⁴.

Menningarminjar

Svæðið Klettur er friðlýst sem menningarlandslag. Hér skiptir máli að skoða vel að hvaða leyti stækkun á gistiaðstöðu auk annarra áætlaðra framkvæmda á svæðinu geti minnkað gildi svæðisins. Hvaða menningarsögulegu verðmæti er vert að viðhalda eins og t.d. núverandi aðstöðu í Klettum? Allar framkvæmdir innan friðlýsts menningarlandslags í Þjórsárdal skulu gerðar í samráði við Minjastofnun⁵.

⁴ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf

⁵ <file:///C:/Users/Gu%C3%B0r%C3%BAnSchmidt/OneDrive%20-%20Landvernd/Umsagnir/41.%20ask%20dsk%20Skei%C3%B0%20og%20gn%C3%BAp/A%C3%B0alskipulagsbre yting/2c.-Fjallaskalar-i-Floa-Sk.-og-Gn-adalsk.-gildandi.pdf>

Hverfisvernd

Meta þarf áhrif af fjölgun ferðamanna og efnistöku á hverfisverndina.

3. Umhverfismatsskýrsla

Stjórn Landverndar telur að matið á áhrif á gróður og dýralíf, á áhrif á ásýnd og landslag og á áhrif á minjar og verndarsvæði sé ábótavant þar sem lítið er horft til áhrifa sem fjölgun ferðamanna á svæðinu hafi á þessa þætti. Einnig er varla talað um sérstöðu einstakra svæða og um samlegðaráhrifin, sérstaklega á víðerni og óbyggðir. Þannig vantar þessi sjónarmið einnig í niðurstöðum valkostagreininga sveitarfélags og það skekkir niðurstöðuna. Bent er á meginreglu um mat á heildarálagi í 10 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem segir að „Áhrif á náttúru svæðis skal meta út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir.“⁶

4. Frágangur á framkvæmdasvæðum

Stjórn Landverndar tekur fram að mikilvægt er að fjalla nánar um frágang á framkvæmdasvæðum. Hér þarf m.a. að tilgreina að leitast verður við að viðhalda gróðri og efsta lagi jarðvegs til að geta notað það síðan aftur á röskuðum svæðunum. Lýsa þarf hvernig á að standa að uppgræðslu eftir rask vegna framkvæmda og hvar og hvernig á að endurheimta jarðveg og gróður í staðinn fyrir þann sem fer undir framkvæmdirnar.

5. Lokaorð

Stjórn Landverndar telur að áður en þessar skipulagsbreytingar eigi að ganga í gegn þurfi að vinna að framtíðarsýn og stefnu um ferðamennsku á hálendinu með heildarsýn, samlegðaráhrif, verndun vistkerfa, víðerni og óbyggðir í huga. Á þann hátt mun sveitarfélagið fá tæki og tól til þess að varðveita þá verðmætu sérstöðu sem hálendið innan þess býður upp á.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

⁶ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

1. <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Ferdamennska-a-midhalendi-Islands-Stada-og-spa-um-framtidarhorfur.pdf>
2. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf
3. https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf
4. <file:///C:/Users/Gu%C3%B0r%C3%BAnSchmidt/OneDrive%20-%20Landvernd/Umsagnir/41.%20ask%20dsk%20Skei%C3%B0%20og%20gn%C3%BAp/A%C3%B0alskipulagsbreyting/2c.-Fjallaskalar-i-Floa-Sk.-og-Gn-adalsk.-gildandi.pdf>
5. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>